

Viðskipta- og neytendamál

Íslenskt hagkerfi er eitt það lokaðasta innan OECD þegar kemur að erlendri fjárfestingu. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að auðvelda erlendum aðilum að fjárfesta í íslensku atvinnulífi. Fjárfesting erlendra aðila í íslensku atvinnulífi skal alfarið og án undantekninga vera á sömu kjörum og íslenskum ríkisborgurum stendur til boða. Lykilforsenda þess að fyrirtæki séu reiðubúin til að fjárfesta hér er að stöðugleiki ríki í efnahags- og stjórnmálum. Mikilvægt er að pólitísk óvissa minnki. Yfirlýsingar ráðherra um þjóðnýtingar og stórfelldar skattahækkningar ber að fordæma.

Á sama hátt og Alþingi hefur kallað eftir og mótað orkunýtingarstefnu, atvinnustefnu o.s.frv. þá á íslenska ríkið, eins og fyrirtæki, að móta sér fjárfestingarstefnu þegar kemur að beinum erlendum fjárfestingum. Bein erlend fjárfesting er mikilvæg stoð í atvinnuuppbyggingu lítilla og opinna hagkerfa á borð við Ísland. Fjölbreytt erlend atvinnustarfsemi sem hægt er að laða til landsins skilar sér hratt inn í hagkerfið, getur skapað ný og verðmæt störf, stækkað skattstofna og innleitt nýja þekkingu.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins ályktar því að efla beri kynningar og markaðsstarf tengt beinni erlendri fjárfestingu og setja málaflökknum stefnu og umgjörð með það að markmiði að laða til landsins fjölbreyttan atvinnurekstur og skapa ný og verðmæt störf til endurreisnar íslensks atvinnulífs.

Núverandi peningastefna hefur beðið skipbrot. Frumforsenda stöðugs gjaldmiðils er að fjármálum hins opin bera sé þannig fyrir komið að þau styðji við peningastefnuna. Ísland býr nú eitt vestrænna ríkja við gjaldeyris höft. Mikilvægt er að afnema þau sem fyrst. Tilvist haftanna ein og sér sendir út þau skilaboð að gjaldmiðillinn þjóni ekki hlutverki sínu. Höftin fæla frá erlenda fjárfesta en gífurlega mikilvægt er að laða beina erlenda fjárfestingu til landsins, m.a. til að vinna á móti hugsanlegu útflæði fjármagns við afléttingu hafta. Nýja tíma setta áætlun þarf að setja saman um afléttingu hafta. Á sama tíma þarf að skoða fordómalaust alla kosti í gjaldmiðlamálum sem Íslendingum standa til boða.

Mikilvægt er að ríkið nýti eignahlut sinn í bönkunum til að flýta endurskipulagningu skulda fyrirtækja og heimila. Brýnt er að rekstrarhæf fyrirtæki í eigu bankanna verði seld. Stefnt skal að sölu á eignarhluta ríkisins í bönkunum hið fyrsta. Spurningamerki er sett við það að endurreisa litlar fjármálastofnanir með þeim mikla kostnaði sem af því hefur hlotist. Brýnt er að endurheimta trú á bankakerfið sem verður aðeins gert með því að ljúka sem fyrst fjárhagslegri endurskipulagningu heimila og fyrirtækja. Efnahagsreikningar bankanna verða að endurspeglar heilbriggt fjármálakerfi. Hagræðing þarf að eiga sér stað í bankakerfinu sem mun á endanum leiða til lækkunar á vaxtamun bankanna og þar með bættra kjara heimila og fyrirtækja. Endurskoða þarf lög og reglur um fjármálamarkaði. Aðskilja þarf fjárfestingarbanka frá viðskiptabönkum. Starfsemi banka á alfarið að vera á ábyrgð eigenda þeirra en ekki skattgreiðenda. Endurskoða þarf innistæðutryggingakerfið frá grunni og áréttá enn frekar að undir því standi aðeins bankarnir sem í það greiða, ekki skattgreiðendur.

Álögur á fyrirtæki hafa aukist gífurlega í tíð vinstri stjórnarinnar og áform eru uppi um að bæta enn í.

Mikilvægasta hagsmunamál fyrirtækjanna í landinu er að hverfa af braut skattahækkana. Með því að lækka skatta og einfalda skattkerfið mun þjóðin vinna sig hraðar út úr efnahagsvandinum. Jafnframt er líklegra að ábatinn verði varanlegri og leiði til þess að lífskjör verði eins og best gerist annars staðar.

Tryggja ber að lögum um gjaldþrot sé fylgt. Bönkum skal ekki leyft að skekkja samkeppnismarkað með því að afskrifa milljarða hjá stórum fyrirtækjum sem síðan geta haldið áfram að keppa við aðila sem eru í skilum með skatta og skyldur. Tryggja ber að samkeppnissjónarmið verði ekki undir við endurskipulagningu fyrirtækja. Þó er mikilvægt að takmarkanir á samruna fyrirtækja standi ekki eðlilegri hagræðingu fyrir þrifum. Fákeppni og einokun þrífst oftast í skjóli ríkistryggðra einkaleyfa eða sérleyfa. Sem dæmi má nefna ÁTVR. Mikilvægt hagsmunamál neytenda er að afnema smásölueinokun ÁTVR. Opinber umsvif hafa aukist gífurlega á síðustu

Ályktun um atvinnumál

árum og hið opinbera rekur fjölda stofnana og fyrirtækja í samkeppni við einkafyrirtæki. Sjálfstæðisflokkurinn leggur þunga áherslu á að einkaaðilar verði ekki undir í samkeppni vegna óeðlilegrar aðkomu hins opinbera. Nauðsynlegt er að ríkisstjórnin sendi þau skilaboð til þeirra ríkisstofnana sem snúa að atvinnulífinu að þær framfylgi lögum og reglum af festu en gæti þess um leið að markmið þeirra sé að hlúa að atvinnulífinu og gera landsmönnum kleift að stunda arðbæra verðmætasköpun. Mikilvægt er að afnema allar undanþágur frá samkeppnislögum.

Óverðtryggðum lánaðkostum bankanna sem þeir hafa kynnt að undanfögnu er fagnað. Brýnt er að ráðast í heildarendurskoðun á rekstri Íbúðalánasjóðs, enda fyrirsjáanlegt að hann geti ekki keppt við banka um óverð tryggð útlán. Brýnt er að verðbólgu sé haldið í skefjum og ríkisfjármál hugsuð í samhengi við verðlagsmark mið Seðlabankans. Verðbólguþröskulur Seðlabankans hefur ekki verið trúverðugt. Sjálfstæðisflokkurinn telur að við endurskoðun peningastefnunnar verði einnig að kanna hvers vegna Seðlabankanum hefur ekki tekist að ná verðbólguþröskulnum sínum. Mikilvægt er að tollar verði afnumdir, vörugjöld og aðflutningsgjöld endurskoðuð, þar með talið af landbúnaðarvörum, með það að markmiði að lækka vöruverð og örva verslun í landinu. Mikilvægt neytendamál er að skattar sem ætlaðir eru til neyslustýringar séu afnumdir enda er þar um að ræða óþarfa forræðishyggju. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að opinberar stofnanir á borð við Íbúðalánasjóð sem og fjársterkir aðilar á borð við banka geti nýtt sér aðstöðu sína til að hafa áhrif á eðlilega markaðsverðmyndun fasteigna. Fjármálastofnanir eiga ekki að geta leyst til sín mikinn fjölda fasteigna og halda með því uppi verði og verðbólgu.

Mikilvægt er að einstaklingar séu meðvitaðir um að hegðun þeirra sjálfra er besta neytendaverndin. Opinber neytendavernd mun aldrei leysa allan vanda. Samkeppni og fjölbreytni á öllum sviðum kemur neytendum best.

Sjávarútvegur

Sjálfstæðisflokkurinn hefur þá stefnu að íslenskur sjávarútvegur verði ávallt í fremstu röð. Til að ná því marki og tryggja að á Íslandi sé rekinn sjálfbær og arðbær sjávarútvegur hefur um áratuga skeið verið byggt á aflamarkskerfi með framseljanlegum aflaheimildum á meðan sjávarútvegur nýtur opinberra styrkja í mörgum af okkar helstu samkeppnislöndum. Það er skýr stefna Sjálfstæðisflokksins að styðjast áfram við aflamarkskerfið, enda byggist það á þeirri grundvallarstefnu flokksins að frelsi einstak lingsins fái notið sín samfara ábyrgð á eigin athöfnum. Bein eða óbein afskipti ríkisins af rekstri og eignarhaldi í sjávarútvegi eru óæskileg. Mikilvægt er að eyða þeirri óvissu sem núverandi ríkisstjórn hefur skapað með óraunhæfum hugmyndum um breytingar á fiskveiðistjórnarkerfinu sem meðal annars hafa leitt til hruns fjárfestinga með tilheyrandi margfeldisáhrifum. Þannig hafa fjárfestingar í sjávarútvegi fallið úr 8% í 2% af heildarveltu sl. tvö ár. Landsfundurinn styður sjálfbæra nýtingu sjávarspendýra með áframhaldandi hvalveiðum.

Landsfundurinn telur verulega hættu fyrir íslenskan sjávarútveg ef Ísland gerist aðili að Evrópusambandinu. Tryggja verður varanlegt forræði Íslands yfir sjávarauðlindinni, jafnt utan sem innan lögsögunnar.

Áréttað er mikilvægi þess að efla hafrannsóknir sem grundvöll ábyrgra fiskveiða og hagsældar til framtíðar.

Mikilvægt er að sem víðtækust sátt náist um fiskveiðistjórnarkerfið, þannig að atvinnugreinin fái starfsfrið til langs tíma. Í því skyni eru gerðar eftirfarandi tillögur:

- Gerðir verði afnotasamningar við núverandi fiskveiðiréttarhafa. Samningstími taki mið af öðrum afnota samningum, sem til dæmis verða gerðir við þá er nýta orku í eigu ríkisins. Tryggt verði að tímalengdin stuðli að langtímahugsun og arðbærri fjárfestingu í sjávarútvegi. Í samningunum verði að finna

Ályktun um atvinnumál

skýr endurnýjunarákvæði. Fyrir afnotaréttinn komi gjald er renni til ríkisins.

- Engum vafa er undirorpið að aflamarkskerfið hefur leitt til hagræðingar og aukinnar arðsemi í sjávarútvegi. Þá hefur orðið mikil framleiðniaukning með stórstíggum tækniframförum á öllum sviðum. Þetta hefur leitt til þess að beinum störfum í sjávarútvegi hefur fækkað sem hefur komið misjafnlega niður í einstökum byggðarlögum. Á sama tíma hafa orðið til fjölmörg afleidd störf af sjávarútvegi í mörgum atvinnugreinum. Horfið verði frá þeirri stefnu að ætla sjávarútvegnum einum að bera kostnað af óljósi byggðarstefnu. Nauðsynlegt er að byggja upp fjölbætt atvinnulíf á landsbyggðinni samhliða öflugum sjávarútvegi. Það er sanngjarnt að nýta hluta þess heildarafraksturs sem þjóðfélagið fær af hagkvæmari sjávarútvegi til þess að stuðla að atvinnusköpun á landsbyggðinni. Sú leið er mun farsælli fyrir byggðirnar en að halda áfram á þeirri braut tilfærslna aflaheimilda, sem núverandi stjórnvöld hafa boðað. Bent er á að mikill meiriluti aflaheimilda eru á landsbyggðinni og tilfærslur stjórnvalda á aflaheimildum á milli byggðalaga styrkja því ekki landsbyggðina í heild.

Landbúnaður

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að stundaður sé fjölbreyttur landbúnaður á Íslandi á grundvelli einkaframtaks og frelsis til athafna. Í landbúnaði eru mikil tækifæri til öflugrar verðmætasköpunar, sem þarf að nýta. Landsfundurinn telur að framtíð landbúnaðar á Íslandi sé björt í ljósi sívaxandi eftirspurnar eftir matvælum og vatni í heiminum. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins vill leggja grunn að sókn landbúnaðar. Hann bendir á sérstöðu Íslands sem matvælaframleiðslulands sem styður við vaxandi ferðapjónustu í landinu, enda er bóndinn vörslumaður þess.

Sjálfstæðisflokkurinn hvetur til að gerð verði heildstæð dreifbýlisþróunarstefna og á grundvelli hennar verði gerður heildstæður samningur við bændur til að stuðla að öflugu atvinnulífi í sveitum landsins. Með samningnum verði lögð áhersla á hagkvæman fjölskyldubúskap, verndun líffræðilegs fjölbreytileika, vistvæna framleiðsluhætti og ábyrga nýtingu á landi. Samningurinn hvetji til aukinnar hagkvæmni, samkeppni og verðmætasköpunar í landbúnaði og matvælaíðnaði. Samningurinn standi vörð um samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar gagnvart innfluttum landbúnaðarvörum, auk þess sem hann tryggi fæðu- og matvælaöryggi þjóðarinnar til framtíðar og að sóknarfæri á erlendum mörkuðum verði nýtt. Tækifæri í orkuframleiðslu í tengslum við landbúnað er vannýtt sóknarfæri í sveitum. Kvótakerfi, sem enn er við lýði í mjólkurframleiðslu, þarf að leggja af samhliða samningsgerðinni í fullu samráði við framleiðendur.

Átalið er hve seint hefur gengið að leysa úr skuldamálum bænda við fjármálastofnanir og þar með talið Byggðastofnun. Í því sambandi verði að horfa til þess að á bújörðum eru jafnframt heimili bænda. Til þess þarf að horfa við lausn á skuldamálum þeirra. Taka verður sérstakt tillit til bænda vegna þess vanda sem felst í misræmi á milli eignastöðu og afkomu.

Sjálfstæðisflokkurinn telur verulega hættu á hruni íslensks landbúnaðar, gerist Ísland aðili að Evrópusam bandinu. Landsfundurinn átelur þá miklu óvissu og þau neikvæðu áhrif sem aðildarviðræður við Evrópusambandið hafa skapað í landbúnaði.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á öfluga menntun og hagnýtar rannsóknir og vill þannig stuðla að auknum framförum í landbúnaði. Flokkurinn leggur sem fyrr áherslu á að landbúnaðurinn sé rekinn í sátt við náttúruna.

Sjálfstæðismenn vilja heilbrigða samkeppni á smásölumarkaði, bændum og neytendum til hagsbóta. Sjálfstæðisflokkurinn lýsir miklum áhyggjum af vaxandi eftirlitsiðnaði í landbúnaði og matvælaframleiðslu með tilheyrandi skrifræði og kostnaði. Hvetja skal bændur til fjölbreyttrar matvælaframleiðslu og sterkra tengsla við innlenda og erlenda neytendur á grunni hollustu, hreinleika og gæða.

Iðnaðar- og orkumál

Iðnaður og mannvirkjagerð á Íslandi samanstendur af fjölbreyttri flóru atvinnugreina sem standa undir 20-25% af þjóðarframleiðslu landsins. Við stöðugleika, hóflega skattheimtu og hagkvæma nýtingu auðlinda landsins felast gríðarleg tækifæri til uppbyggingar. Stefna Sjálfstæðisflokksins er sú að hið opinbera skapi umgjörð í iðnaðar- og orkumálum þar sem fyrirtæki og fjárfestar geti horft til framtíðar við áætlanagerð, fjármagn leiti í arðbær verkefni og samkeppni ríki á milli fyrirtækja.

Án pólitísku stöðugleika er tómmt mál að tala um fjárfestingar og uppbyggingu atvinnulífsins. Pólitískur óstöðugleiki hækkar þá ávöxtunarkröfu sem innlendir og erlendir fjárfestar gera og ýtir fjárfestum í áhættuminni eignir eins og skuldabréf ríkis- og Íbúðalánasjóðs. Eignarrétturinn verður að vera virtur í hvívetna. Ekki gengur að ráðherrar gefi því undir fótinn að eignir fyrirtækja séu þjóðnýttar eða hið opin bera komi í veg fyrir lögleg viðskipti. Stjórnvöld mega ekki fæla fjárfesta frá atvinnulífinu með síhækkandi sköttum og yfirlýsingum um að þeir verði hækkaðir enn frekar og að skattkerfinu umbylt. Með hótunum um upptöku aflaheimilda hafa stjórnvöld í raun valdið stoðfyrirtækjum sjávarútvegs ómældu tjóni, því enginn fjárfestir í uppbyggingu rekstrar sem hann á á hættu að missa vegna aðgerða stjórnvalda.

Sjálfstæðisflokkurinn lýsir áhyggjum sínum af því að þrátt fyrir hátt atvinnuleysisstig sé erfitt að manna störf í fjölmörgum atvinnugreinum. Seint verður haldið fram að fólk sé ofhaldið á bótum eða lágmarkslaunum en skoða verður gaumgæfilega þá fjárhagslegu hvata sem umtalsverðar hækkanir atvinnuleysisbóta og lágmarksbóta almannatrygginga, ásamt tekjutengingu opinberrar þjónustu langt umfram launabróun, hafa haft. Ótækt er ef þannig er búið um hnútana að fjárhagslegir hvatar beini fólki frekar á þær brautir að þiggja bætur eða jafnvel vinna svarta vinnu fremur en hefðbundin störf.

Uppbygging nýrra og styrking starfandi fyrirtækja er árangursríkasta leiðin til að eyða atvinnuleysi og stöðva fólksflóttu. Hér býr framtakssöm þjóð og margt hugmyndaríkt og vel menntað fólk. Stjórnvöld mega ekki leggja stein í götu uppbyggingar nýrra atvinnutækifæra. Skattaumhverfi verður að vera hagstætt og ekki má drekka fyrirtækjum í leyfaumsóknum, snúnum reglum, íþyngjandi upplýsingagjöf eða flóknum skattskilum.

Skoða þarf hvaða leiðir eru árangursríkastar til að hlúa að nýsköpun og hraða uppbyggingu nýrra fyrirtækja. Mikilvægt er að opinberum styrkjum til nýsköpunar sé beint til framkvæmda en frá skýrslugerð og stjórnarlaunum. Umsóknarferlið þarf að vera einfalt, efla þarf samvinnu milli ólíkra stétta og ferlið má ekki taka of mikið mið af háskólaumhverfinu.

Arðsöm uppbygging og nýting takmarkaðra vistvænna auðlinda landsins í sátt við umhverfissjónarmið er lykilatriði í framtíðaruppbyggingu íslensks hagkerfis. Opinber raforkufyrirtæki skulu hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem þeim er treyst fyrir með sjálfbæra nýtingu, hagkvæmni og verðmætasköpun að leiðarljósi. Skammtímahagsmunir mega ekki ráða ferðinni þrátt fyrir þrengingar í íslensku efnahagslífi. Auður Íslendinga felst ekki einungis í fallvötnunum og þeirri orku sem býr í iðrum jarðar, heldur einnig og ekki síður í sérþekkingu sem heimsbyggðin kallar eftir. Íslensk orkufyrirtæki eru í dag meðal leiðandi fyrirtækja á sínu sviði og íslensk þekking á sviði endurnýjanlegra orkugjafa er nú þegar orðin útflutningsvara. Stjórnvöld skulu stuðla að því að íslenskt hugvit og sérþekking tengd orkuframleiðslu fái notið sín til fulls.

Verkefnisstjórn Rammaáætlunar hefur skilað niðurstöðum í 2. áfanga áætlunarinnar. Sjálfstæðisflokkurinn fagnar þessum áfanga og telur niðurstöðurnar faglegar og traust skref í átt að sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða. Mikilvægt er að þingsályktunartillaga um niðurstöðu rammaáætlunar endurspegli þessa faglegu vinnu. Halda þarf þeirri vinnu áfram til að hámarka hagkvæmni í sátt við umhverfissjónarmið og fækka

Ályktun um atvinnumál

orkukostum í biðflokki. Stjórnvöld mega ekki leggja stein í götu þess að orkuauðlindir í nýtingarflokki verði nýttar.

Við hönnun og uppbyggingu nýrra orkumannvirkja skal leitast við að fella þær sem best að umhverfi sínu.

Sjálfstæðisflokkurinn styður áframhaldandi undirbúning að nýtingu orkuauðlinda í neðri hluta Þjórsár.

Sjálfstæðisflokkurinn telur mikilvægt að stjórnvöld hindri ekki fjárfestingu innlendra og erlendra einkaaðila í orkuverum, hvorki í formi lánsfjár né hlutafjár, telji fjárfestar slíkar framkvæmdir vera arðbærar.

Skoða skal með opnum huga að skrá á hlutabréfamarkað hluta hlutabréfa Landsvirkjunar (svokölluð norsk leið). Andvirðið getur hvort heldur verið nýtt til að greiða niður opinberar skuldir eða sækja fé til arðbærra fjárfestinga.

Hið opinbera skal stuðla að því að aðstæður verði sem hagstæðastar til að rafvæða samgöngutæki landsins í þeim tilgangi að nýta innlenda græna orku. Sjálfstæðisflokkurinn setji á fót starfshóp til að meta tækifæri þar að lútandi.

Leita þarf allra leiða til að efla íslenskan framleiðsluþætti sem er bæði gjaldeyrissparandi og gjaldeyrisaflandi.

Stuðla skal að öflugum og arðbærum fjarskiptatengingum við útlönd, m.a. til að stuðla að frekari uppbyggingu gagnavera.

Öflugar rannsóknir eru forsenda skynsamlegrar og sjálfbærrar nýtingar á auðlindum lands og sjávar. Þrátt fyrir efnahagslægd – en ekki síður vegna hennar – ber að efla enn frekar rannsóknir á sviði umhverfis- og auðlindamála og standa vörð um rannsóknir á þróun sjálfbærra nýtingaraðferða. Bæta þarf rekstrarumhverfi sjálfstæðra rannsóknaraðila.

Auðlindir Íslands ber að umgangast af varfærni og skynsemi með langtímahagsmuni að leiðarljósi. Sjálfstæðismenn telja tækifæri felast í gas- og olíuvinnslu innan íslenskrar lögsögu, sem markvisst hefur verið undirbúin í tíð ríkisstjórna undir forsæti Sjálfstæðisflokksins.

Hið opinbera skal stuðla að því að einkaaðilar rannsaki og ráðist í framkvæmdir og nýtingu á Drekasvæðinu sem fyrst. Stjórnvöld beiti sér einnig fyrir því að einkaaðilar kanni setlög Skjálfaflóa.

Olían er ekki endurnýtanleg auðlind. Því er eðlilegt að mögulegar skatttekjur ríkisins vegna olíuvinnslu renni í sérstakan sjóð til að koma í veg fyrir að útgjöld ríkisins þenjst út sem hinum tímabundnu tekjum nemur. Við útfærsluna þarf að gæta jafnvægis milli skattheimtu og þess að hvati sé til að ráðast í rannsóknir og nýtingu án tafar.

Fyrirtæki í iðnaði og mannvirkjagerð sem sérhæfa sig í samgönguframkvæmdum á landi eru mjög háð umsvifum hins opinbera á því sviði. Mikilvægt er að áfram verði unnið jafnt og þétt að því að byggja upp grunnnet samgangna á landi. Enn vantar upp á að vegakerfið geti talist viðunandi m.t.t. byggðapróunar, atvinnulífs og samkeppnishæfni byggðarlaga til búsetu og atvinnuuppbyggingar. Áfram skal unnið að uppbyggingu samgöngukerfisins með áherslu á að forgangsroðun byggist á öryggi, umferðarpunga, hagkvæmni og gæðum.

Ályktun um atvinnumál

Stjórnvöld skulu líta til einkafjármögnunar og einkareksturs samgöngumannvirkja þar sem því er viðkomið til að leysa úr læðingi fjármagn innlendra stofnanafjárfastra og fá inn erlenda fjárfestingu. Leitast skal við að halda áhættu ríkisins af stórum mannvirkjum í lágmarki.

Unnið verði áfram markvisst að fækkun malarvega og einbreiðra brúa á stofn- og tengivegum. Unnið verði að uppbyggingu stofnvega til og frá höfuðborgarsvæðinu m.t.t. umferðarpunga.

Ferðapjónusta

Ferðapjónusta er umfangsmesta atvinnugrein heimsins. Hefur umfang íslenskrar ferðapjónustu á síðustu árum verið meira en nokkru sinni fyrr og aldrei hafa fleiri ferðamenn komið til landsins en á yfirstandandi ári. Ferðapjónusta er gjaldeyrisskapandi atvinnugrein og þjóðhagsleg þýðing ferðapjónustunnar fer vaxandi ár frá ári.

Ferðapjónusta er mannfrek þjónustugrein og gjaldeyrisskapandi. Hún skapar arðbær störf í öllum landshlutum. Stuðla skal að því að fjölga ferðmönnum sem koma til landsins utan háannatíma undir forystu atvinnu greinarinnar með stuðningi og samstarfi við opinbera aðila. Halda skal áfram á sömu braut með átakið „Ísland allt árið“. Fjölgun erlendra ferðamanna utan háannatíma er stærsta einstaka hagsmunamálið í ferðapjónustu um þessar mundir. Vaxtartækifæri yfir sumartímenn eru takmörkuð vegna fjölda gistirýma og þolmarka vinsælla ferðamannastaða út frá verndar- og viðhaldssjónarmiðum. Áfram eru gríðarleg tækifæri til sóknar utan háannatíma og fyrirséð að skapa má heilsársstörf sem talin eru í þúsundum ef aðgerðirnar bera tilætlaðan árangur.

Brýnt er að þrengja ekki að ferðapjónustunni með íþyngjandi regluverki eða skattheimtu á yfirstandandi vaxtarskeiði atvinnugreinarinnar. Unnt er að auka tekjur í ferðapjónustu með gjalddöku að vinsælum ferðamannastöðum. Eðlileg gjalddöku skal renna að stærstum hluta til sveitarfélaga enda sjái þau um uppbyggingu og viðhald ferðamannastaðanna.

Með aukinni menntun og öryggi í ferðapjónustu skapast fleiri og verðmætari störf. Fara þarf yfir leyfismál og sporna við svartri atvinnustarfsemi í greininni.

Stórauka þarf framlag til rannsókna í ferðapjónustu þannig að það sé sambærilegt við aðrar atvinnugreinar.

Breyta skal lögum um ferðamál þannig að landkynningar- og markaðsmál heyri beint undir Íslandsstofu. Tryggja þarf með lögum að framlög til landkynningar og markaðsmála á fjárlögum skili sér beint til Íslandsstofu. Landkynningar- og markaðsmál heyra nú undir Ferðamálastofu og hefur Íslandsstofa þurft að gera sérstakan samning við iðnaðarráðuneytið til að tryggja tekjustofn til landkynningar og markaðsmála.

Sjálfstæðisflokkurinn sér í ferðapjónustunni vaxtarbrodd sem mun verða til atvinnusköpunar um allt land. Landsfundur leggur á það áherslu að kjörnir fulltrúar flokksins veiti ferðapjónustunni þann stuðning sem hún þarf og verðskuldar að teknu tilliti til mikilvægis greinarinnar í gjaldeyrisöflun og fjölgun starfa um land allt.

Skapandi greinar

Hugtakið „skapandi greinar“ er nýtt í atvinnumálaumræðunni en því er ætlað að halda utan um nokkuð vítt svið atvinnuvega, s.s. menningar- og náttúruarfleifð, sviðslistir og hátíðahöld, sjónræna list og handverk, bækur og fjölmiðlun, hljóð-, mynd- og gagnvirka miðla, hönnun og skapandi þjónustugreinar.

Ályktun um atvinnumál

Skapandi greinum mætti síðan skipta í tvo flokka, annars vegar á vegum opinberra stofnana og hins vegar einkafyrirtækja. Skilgreining nýsköpunar- og sprotafyrirtækja á vel við sem samnefnari þeirra fjölmörgu einkafyrirtækja sem starfa á þessum vettvangi. Það er því mikilvægt að hlúa vel að því umhverfi sem þau starfa í. Til að tryggja gott umhverfi er lagt til að:

- Stofnana- og stuðningskerfið verði einfaldað og straumlínulagað. Þarfir fyrirtækjanna verði settar í fyrirrúm. Markmið með slíkri vinnu væri að auka arðsemi þeirra fjármuna sem opinberir aðilar leggja í stuðningskerfið.
- Hagtölugerð bætt. Markviss úrvinnsla hagtölugagna; samhæfing gagnagrunna og gagnaöflunar. Markmiðið er að fá betri yfirsýn yfir stöðu einstakra atvinnuvega til að hafa samanburð milli atvinnuvega og hagkerfa.
- Auka vægi skapandi greina við gjaldeyrisöflun. Kynningarmiðstöðvar verði sameinaðar með það að markmiði að ná stærðarhagkvæmni í rekstri og samlegðaráhrifum í kynningu innanlands og í alþjóðlegu umhverfi. Auðveldlega má sjá fyrir sér sameiginlegt átak skapandi greina á erlendum mörkuðum undir yfirskriftinni Inspired by Icelandic Creative Industry.
- Bæta aðgengi nýsköpunar- og sprotafyrirtækja að hlutafé. Stofna ber kauphöll nýsköpunar- og sprotafyrirtækja þar sem fyrirtækjum gefst kostur á að afla sér fjármagns til lengri tíma auk þess sem markaðurinn fær að meta virði fyrirtækjanna. Þannig myndast hvati til að standast samkeppni á innlendum markaði sem og alþjóðlegum.
- Framkvæma skal klasaáætlun um betri þjónustu fyrir minna fé.